

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað Neskaupstaður



Dags eftirlits	31.8.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan hf. Neskaupstað	Eftirlitsmaður	Dröfn Svanbjörnsdóttir
Heimili	Hafnarbraut 6, Neskaupstað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Hafþór Eiríksson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	748727,903 526902,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi var skráð í eftirliti.

Rekstraraðila er bent á að gera ráðstafanir ef fresta á hávaðamælingu sem tilskilið er að láta framkvæma á árinu 2021.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Eftirlitsmaður var Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Kröfur í starfsleyfi – innra eftirlit
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kvartanir og mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
- Vettvangsskoðun - Umgengni á lóðum og aðkoma, geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Umhverfisstjórnunarkerfi

Fiskimjölverksmiðja Síldarvinnslnnar í Neskaupstað er með starfsleyfi sem gildir til 3. september 2036. Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið vegna skráninga í tengslum við innra eftirlit. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu. Niðurstaða áhættumatsins verður notuð sem grunnur við gerð eftirlitsáætlunar 2022.

Farið var yfir allar skráningar, áætlanir og eftirlitsmælingar. TVN mældist yfir viðmiðunarmörkum þann 21. maí sl. og var tilkynnt um atvikið í samræmi við grein 3.3 í starfsleyfi. Tveir lýsisgeymar af fjórum hafa nú verið botnþykktamældir og var skýrsla send til eftirlitsaðila í vettvangsheimsókninni. Fram kom að enn á eftir að þrýstiprófa framleiðslulagnir frá verksmiðju að lýsisgeymum og hugsanlega verður það ekki hægt fyrr en næsta vor. Einnig þarf að þrýstiprófa útskipunarlagnir þar sem þeim hefur verið breytt. Kvittanir vegna skila á spilliefnum voru til staðar. Öryggisblöð efnavöru voru til staðar. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila voru skoðuð en Síldarvinnslan er ekki með vottað umhverfisstjórnunarkerfi. Í viðauka leiðbeininganna er fjallað um hvaða grunnkröfur Umhverfisstofnun gerir um innihald umhverfisstjórnunarkerfis. Rætt var um þjálfun starfsmanna en fram kom að Síldarvinnslan er að vinna í því að koma upp kerfi (Eloomi) sem heldur utan um þessa þjálfun. Starfsmenn þurfa að sýna fram á að þeir þekki þau efni sem þeir vinna með og kunni að bregðast við mengunaróhöppum.

Eitt mengunaróhöpp hefur verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Þann 24. júní sl. barst tölvupóstur frá rekstraraðila þess efnis að lýsi fór í sjóinn við höfnina. Viðbragðsáætlun rekstraraðila vegna mengun hafs og stranda var virkjuð og höfnin hreinsuð.

Starfsemi Síldarvinnslnnar í Neskaupstað er getið í viðauka I í lögum nr. 70/2012 um loftlagsmál og þar sem heildarvarmafl olíukatla verksmiðjunnar fer yfir 20 MW fellur verksmiðjan undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (ETS kerfið). Úrbætur hafa verið gerðar til að takmarka olíubrennslu verksmiðjunnar þannig að aflið sé innan við 20 MW.

Samkvæmt grein 4.2 í starfsleyfi er krafa um að rekstraraðili skuli mæla hávaða frá verksmiðjunni eigi síðar en í árslok 2021. Þar sem framkvæmdir eru enn í gangi óskaði rekstraraðili eftir því að fresta hávaðamælingunni fram á næsta ár. Rekstraraðili þarf að senda Umhverfisstofnun bréf þar sem óskað er eftir frest og tillögu að nýrri tímasetningu.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar voru engin frávik skráð frá starfsleyfi en tvær ábendingar gerðar, annars vegar vegna geymslu og meðhöndlun efnavöru og hins vegar bent á þær kröfur sem gerðar eru í 20. grein III kafla reglugerðar nr. 884/2017 um prófanir og úttektir sem rekstraraðili ber að framkvæma. Í skoðunarferð um svæðið var staðfest að ábending vegna geymslu efnavöru á enn við en olíur og önnur efnavara voru geymd á svæði þar sem

niðurföll eru ekki tengd olfuskilju eða lekapró. Einnig var gólf inn í efnageymslu illa farið. Rætt var að hækka niðurföll eða hafa þau lokað m.t.t. grein 2.24 í starfsleyfi.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í greinar 2.4 og 3.23 í starfsleyfi	Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að gera ráðstafanir ef fresta á hávaðamælingu sem tilskilið er að láta framkvæma á árinu 2021.


ANNAÐ

Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Ef niðurföll eru í efnageymslu skulu þau vera lokað og lokað nema undir eftirliti starfsmanns.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.12.2021



Gottskálk Friðgeirsson

